

Reykjavík, 20. mars, 2006.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn vegna frumvarps til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 76. mál.
Leitað var eftir umsögn Myndlistaskólans í Reykjavík varðandi frumvarpið.

Í frumvarpinu er meðal annars rætt um að veita lán vegna náms sem er til undirbúnings listnámi á háskólastigi. Í frumvarpinu er einnig vikið að öðrum atriðum sem öll eru til bóta. Það er mikið réttlætismál fyrir námsmenn að frumvarpið hljóti brautargengi.

Varðandi nauðsyn á að breyta reglum sjóðsins í þá átt að undirbúningsnám fyrir listaháskóla verði láns hæft viljum við tilgreina eftirfarandi:

- 1) Yfir 90% þeirra nemenda sem stunda undirbúningsnám í Myndlistaskólanum fyrir listnám á háskólastigi hafa þegar lokið námi í framhaldskólunum þegar þeir hefja skólavist. Þessir nemendurnir hafa ekki átt kost á að undirbúa sig með þeim hætti sem Listaháskólinn gerir kröfur um samhliða námi sínu framhaldsskóla þar sem listnámsbrautir eru ekki nema í fáeinum skólum á höfuðborgarsvæðinu og óvíða á landsbyggðinni.
- 2) Í hverjum umsækjendahópi eru einstaklingar sem hyggjast skipta um stafsveitvang og þurfa að afla sér þess undirbúnings sem krafist er.
- 3) Undirbúningsnámið í Myndlistaskólanum í Reykjavík er fyllilega sambærilegt námi í frumgreinadeildum t.d. í Viðskiptaháskólans á Bifröst að því leiti að í báðum tilvikum eru nemendur að uppfylla ákveðin skilyrði sem háskólar gera um aðdraganda að námi á háskólastigi. Nám í frumgreinadeildum er hins vegar láns hæft ólíkt undirbúningsnámi til listnáms. Þess má einnig geta að veitt er námslán til íslenskra nemenda sem stunda nám í listaskólum t.d. í Hollandi og Skotlandi en þar tekur fjögur ár að ljúka BA honors gráðu eða BA gráðu. Nemendur ljúka Listaháskóla Íslands á þremur árum með BA gráðu. Líta má á undirbúningsárið í Myndlistaskólanum sem nokkurs konar aðdraganda og námið því í heild fjögur ár og sambærilegt því fjögurra ára BA námi sem víða er boðið upp á í löndunum í kringum okkur nema að þar eru öll fjögur árin láns hæft.


Á hverju ári komast um 80- 90 % nemenda undirbúningsdeildar Myndlistaskólans í Reykjavík áfram í eftirsótt nám í listaskólum hér heima og erlendis. Lítið sem ekkert brottfall er meðal nemenda skólans. Undanfarin ár hefur einungis verið hægt að bjóða um fjórðungi umsækjenda skólavist. Allir kennarar skólans eru framsæknir og vel menntaðir listamenn og hönnuðir.

Ég legg til breytingu á athugasemdum um 1. grein þar sem rætt er um að innihald undirbúningsnámsins sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi. Betra tel ég vera að bera námið saman við það nám sem fer fram í frumgreinadeildum háskólanna.

Leiða má að því sterk rök að allir þeir sem eru orðnir 20 ára og eldri og vilja stunda nám sitt af alvöru þyrftu að eiga kost á námslánum. Með þeim hætti væri mögulegt að virkja betur þau verðmæti sem liggja annars ónýtt meðal allra þeirra sem hverfa frá framhaldskólanámi. Það er ekki heiglum hent að hefja nám sem ekki er láns hæft og þurfa jafnframt að sjá sjálfum sér og ef til vill fjölskyldu sinni farborða.

Mörg önnur atrið sem fram koma í frumvarpinu eru til framfara og eru réttlætismál og vil ég því fyrir hönd stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík óska þess að frumvarpið fái brautargengi og þakka fyrir mikilsvert framtak.

Með bestu kveðjum,



Ingibjörg Jóhannsdóttir
Skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík.